



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 11. mars 2021

Erindi: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um viðhald og varðveislu gamalla báta – 226. mál 2021

Borgarsögusafn Reykjavíkur fagnar *tillögu til þingsályktunar um viðhald og varðveislu gamalla báta*, sbr. 151. löggjafarþing 2020-2021, þingskjal 228 – 226. mál.

Í tillögunni er mælt með að:

- a. *Stofnaður verði sjóður sem hafi það hlutverk að halda við og varðveita gömul skip og báta.*

Í greinargerð er skilmerkilega fjallað um hvernig Alþingi hefur allt frá árinu 2000 reynt að koma varðveislu gamalla báta og skipa í örugga höfn án árangurs þrátt fyrir mikinn stuðning þingheims við það. Nú er sannarlega tímabært að bæta þar úr skák. Þess má geta að fornminjasjóður hefur nú „heimild“ skv. lögum um menningarminjar til að veita styrki til viðhalds skipa og báta. (Lög um menningarminjar 2012 nr. 80, 42. grein). Eiginlegt hlutverk sjóðsins er hins vegar að varðveita fornminjar og styrkja fornleifarannsóknir og þangað hafa nær allir fjármunir sjóðsins farið síðan lögin tóku gildi. Reynslan af núverandi lögum sýnir því að nauðsynlegt er að stofna sjálfstæðan bátafriðunarsjóð sambærilegan húsafriðunarsjóði.

- b. *Sjóðurinn njóti árlegra framlaga af fjárlögum auk þess sem stuðlað verði að þátttöku starfsgreina sjávarútvegsins í verkefninu.*





Eðlilegt er að ríkissjóður styrki varðveislu eldri báta og skipa eins og annarra atvinnu- og menningarminja í landinu. Sömuleiðis er eðlilegt að starfsgreinar sjávarútvegsins sinni sögu sinni og taki þátt í verkefninu, til dæmis til hálfis á móti ríkissjóði, alveg sérstaklega þegar vel árar.

- c. *Sjóðurinn starfi á grundvelli áætlana sem gerðar verði til fimm ára í senn og reglur um úthlutanir til verkefna, varðveislugildi o.fl. komi fram í samþykktum sjóðsins.*

Hér er um að ræða gagnlega tillögu sem vert er að útfæra á sem skýrastan hátt.

- d. *„Forsætisráðherra flytji Alþingi tíðindi af framgangi ályktunarinnar fyrir lok vorþings 2021.“*

Hér er áréttað að málið þoli ekki frekari bið, varðveisla eldri báta sé í ólestri og hafi verið lengi, og er tekið undir það heils hugar hér. Fjöldinn allur af bátum víðs vegar um landið liggur undir skemmdum.

Í sambandi við þessa tillögu er vert að benda á að fyrir skömmu, nánar til tekið í janúar 2020, gaf Samband íslenskra sjóminjasafna út afar vandaða og ýtarlega fornbátaskrá, samtals 830 bls., ásamt leiðarvísi við mat á varðveislugildi skipa og báta með sögulegu yfirliti um bátavernd á Íslandi. Saman gefa þessi tvö rit greinargott yfirlit um stöðu bátaverndar hér á landi og hvernig staðið hefur verið að varðveislu þessa menningararfs hér á landi.

Fornbátaskráin miðast fyrst og fremst við báta í eigu safna, setra og sýninga og ennfremur skip á skipaskrá sem eru eldri en 1950. Auk þeirra um 190 báta sem eru í fornbátaskránni er kunnugt um nokkurn fjölda annarra eldri báta í eigu einkaaðila, félaga og hópa sem mikill fengur væri í að bætt yrði við hana. Hér er lagt til að sem fyrst sé gerð skrá yfir þá.

Jafnframt er lagt til að upp úr fornbátaskránni verði unnar flokkaðar skrár til frekari hægðarauka við notkun hennar og til að gefa enn fyllra yfirlit um stöðuna. Má hér nefna skrár yfir árabáta, opna vélbáta, vélbáta og skip með þilfari auk lista yfir báta eftir smíðafni (tré, járn) og fleiri skrár.

Á það skal bent að mikil vinna liggur að baki fornbátaskránni og er þess vegna mælt með að sérstakur starfsmaður verði ráðinn tímabundið í framangreind tvö verkefni. Að því loknu má





segja að samantekt yfir sögulega áhugaverð eldri skip og báta sé komin eins langt og unnt er að sinni, þótt henni ljúki í raun aldrei þar sem bátar eldast og fleiri kunna að koma í leitirnar.

Að lokum er bent á að Sjóminjasafnið í Reykjavík; *Víkin – Sjóminjasafnið í Reykjavík* ber ekki lengur nafnið *Víkin*. Sjóminjasafnið í Reykjavík heyrir undir Borgarsögusafn Reykjavíkur.

Virðingarfyllst,

Guðbrandur Benediktsson

Safnstjóri

